STÆRÐFRÆÐI

Stærðfræði 1. bekkur

Skólaárið

Skólaárið 2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Helstu námsþættir í stærðfræði í 1.bekk eru: flokkun, talning, form, mynstur og myndir, tölurnar 1 - 20, mælingar, samlagning og frádráttur. Í upphafi hverrar viku er innlagnartími þar sem farið er yfir viðfangsefni og markmið vikunnar. Kennari og nemendur safna efni á námsvegg sem nemendur geta svo nýtt í vinnu sinni. Í framhaldi eru fjórir hringekjutímar þar sem unnið er með ólíka þætti viðfangsefnis hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur ræði mismunandi lausnaleiðir og skýri lausnaferli sitt fyrir öðrum ásamt því að vinna í bókum, nota hlutbundin gögn, fara í stærðfræðileiki og vinna ýmis raunverkefni.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Haustönn

Ágúst - október; flokkun, talning og tölur frá 0 - 10

Október - desember; form og mynstur, tölur frá 0 - 10

Vorönn

Janúar - mars; mælingar, samlagning og frádráttur

Mars - júní; tölurnar 10 - 20, samlagning og frádráttur, form og myndir.

Námsaðlögun

Námið er aðlagað að hverjum og einum nemanda. Lögð er áhersla á að vinna að sambærilegum verkefnum á fjölbreyttan og hlutbundinn hátt þar sem allir nemendur fá verkefni við hæfi.

Námsmat

Í kennslustundum fer fram leiðsagnarmat/símat kennara. Jafnt og þétt yfir skólaárið er hæfni nemenda metin.

Námsgögn

Sproti 1a, nemendabók og æfingahefti. Sproti 1b, nemendabók og æfingahefti.
Húrrahefti. Stærðfræðispæjarar 1. Gagnvirkir vefir, forrit og efni frá kennara.